

## Fundargerð ÖSE-nemandaráðs Mánudagurinn 10. maí

### Mætt voru:

- Kennarar: Ragnheiður og Anna Pála  
8. bekkur: Ninja, Þórunn og Tinna  
9. bekkur: Friðjón, Hrefna, Maya, Hrafnhildur og Þorsteinn  
10. bekkur: Sandra, Elísabet, Ingibert, Huguína og Álfrún

Skýrsla vetrar 2020-2021. Farið var af stað með miklum metnaði en Covid 19 setti strik í reikninginn eins og víðar í þjóðfélaginu.

### Það helsta sem við gerðum í vetur

- Sömdum starfsáætlun
- Skipulögðum jólatónlist í mat
  - Gekk ekki út af covid en skemmtileg hugmynd til að koma fólki í jólagírinn
- Spiluðum tónlist í nesti
  - Þetta var mjög vinsælt og huggulegt. Mæli með að gera þetta oft.
- Komum með hugmyndir fyrir öskudag
  - T.d. escape room og vélmenna-blöðru keppni. Þetta var stutt og laggott en það var skemmtilegt að brjóta upp daginn
- Allskonar þemadagar, fancy friday, jólaþeysudagur,blár og bleikur dagur
  - Fólk tók mismikinn þátt
- Auglýstum allskonar á instagraminu
- Vorum með jafningjafræðslu fyrir 7. bekk
  - Gekk æðislega. Byrjuðum á leikjum til að brjóta ísinn og svöruðum svo spurningunum frá þeim.
- Unnum með gildi mánaðarins
- Komum með tillögur að úrbótum.
  - Hjólagrind fyrir hlaupahjól.
  - Geymslustað fyrir hjólabretti.
  - Tónlist í frímínútum.
  - Slökun eftir hádegi í heilsumánuði.

### Það sem hefði mátt fara betur:

- ÖSE fulltrúar hefðu mátt einbeita sér betur á fundum og taka virkari þátt
- Margt féll niður út af covid.
- Lagt meiri metnað í verkefni okkar og fleiri sem taka þátt.
- Slökun í apríl fór hægt af stað vegna þess að við fengum ekki samþykki frá stjórnendum strax.

### Mælum með fyrir næsta vetur:

- Jafningjafræðslu fyrir 7. bekk
- Fleiri uppbrotsdaga/þemadaga
- Tónlist og meira pepp
- Ef það kemur aftur Covid alda og skólinn lokar þá að hafa fundi á netinu t.d. á zoom eða teams.
- Skreyta meira fyrir jól

Fundarritari: Álfrún Lind Helgadóttir.